

20. húsnefndarfundur Végarðs , Végarði 25.03 2019, kl. 11:00

Mætt: Anna Jóna, Gunnar og Gunnþórunn. Einnig mættur Hörður húsörður.

Í byrjun fundar var húsið skoðað að utan. Skemmdir eru í múr á nýrri hluta. Múrari verður fenginn til að lagfæra múrinn og svo verður málað. Rætt um að e.t.v sé hægt að snúa við spýtum í lerkiklæðningu við útidyrhurð, til að losna við gráma á klæðningunni niður við stéttina, eða þá taka klæðninguna niður og hefla af henni.

Varðandi hugmyndir um klæðningu á nýrri hluta, var rætt um að fá tillögur frá Verkís um klæðningarefni og verð. Nefnd var ljós klæðning, slétt, e.t.v. ál. Og klæða stafna auk veggs sem snýr út dalinn. Gunnþórunn og Hörður ræða við Verkís um þetta.

Rætt um gólfframkvæmdir. Búið er að einangra gólf í eldri sal, leggja hitalagnir, steypa, slípa og rykbinda. Í nýrri sal hefur korkur verið tekinn af og slípað yfir. Parket sem pantað var er ekki komið. Nýr stigi: hugmynd um að hann verði með opnum þrepum úr samsvarandi við (og gólfefni) (askur). Veggur undir stiga verði klæddur og málaður. Ef handrið þarf á stiga verði það létt o.e.t.v. þannig að hægt sé að fjarlægja það.

Fyrir dyrum stendur að færa húsbúnað sem ekki er í notkun í gistihúsum, inn í sal Végarðs og verður íbúum boðið að koma og taka muni, sér að kostnaðarlausu.

Erindi frá Ann Marie Schlutz kt. 060883-3279.

Gunnar vék af fundi vegna tengsla

Ann Marie hefur stofnað fyrirtæki sem hún nefnir Sauðagull og stefnir að því að vinna afurðir úr sauðamjólk. Óskað er eftir að fá að nota vottaða aðstöðu í Végarði til framleiðslunnar. Beðið er um leyfi til 12 mánaða , frá og með 1.apríl. Húsnefnd samþykkir það fyrir sitt leyti og að ekki verði rukkuð leiga fyrir, en Ann Marie hagi sinni starfsemi þannig að önnur starfsemi í húsinu líði ekki fyrir og hún sjái um þrif vegna sinnar starfsemi. Einnig samþykkt að að Ann Marie megi vísa í aðstöðu í Végarði þegar hún sækir um starfsleyfi.

Gunnar kom aftur inn á fund

Rætt um að kjallaragólf sé illa farið og þarfnist viðgerðar. Hörður skoðar með að slípa gólfið og leggja nýtt yfirborðsefni.

Eins og staðan er nú eru Végarður pantaður 5 helgar í sumar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:24. Gunnþórunn ritaði fundargerð

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Gunnar Jónsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Hörður Guðmundsson (sign)